

Skipulag

Fundarboðandi:	Hildur Arna Gunnarsdóttir	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Póra J. Jónasdóttir	Dagsetning:	29. janúar 2026
Fundarritari:	Agnes Helga Martin	Fundartími:	13:00 – 15:05

Pátttakendur Póra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður fagráðs), Hinrik Ragnar Helgason (f.h. DÍ), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands), Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, (f.h. Bændasamtaka Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnun HÍ), Linda Karen Gunnarsdóttir (varamaður f.h. Dýraverndarsamband Íslands).
Boðið innundir lið 1.; Katrín Andrésdóttir (fyrirum fagráðsmeðlimur f.h. DÍ).
Starfsmaður MAST: Hildur Arna Gunnarsdóttir og Agnes Helga Martin (sérgreinadýralæknir gæludýra og dýra sem notuð eru í vísindaskyni).

Dagskrá

Formaður Fagráðs leggur til breytingu á fundardagskrá, að taka fyrir á aukafundi bréf Eurogroup og umfjöllun um umsóknina „Collection of whole blood from equines (pregnant mares)“ eftir tvær vikur í ljósi nýlegra gagna frá ráðuneytinu sem tengjast málinu. Samþykkt einróma. Ósk fulltrúa DÍs til að fá óháðan sérfræðing í Evrópurétti til að vera á fundinum hefur verið lagt fyrir ráðuneytið.

1. Ályktanir um smölun og réttir og lausagöngu búfjár og umferð.

Ályktunin yfirfarin og samþykkt af öllum meðlimum fagráðs, stefnt er að birta ályktunina m.a. á heimasíðu MAST. Rætt var um „Ályktun Fagráðs um velferð dýra varðandi lausagöngu sauðfjár við þjóðvegi“ sem lögð verður lokahönd á á fundi fagráðs 17. mars 2026 ásamt Katrínu, sem vék af fundi eftir þennan lið.

2. Umsóknir um leyfi til dýratilrauna:**a. Áhrif ónæmisglæða og ólíkra bólusetningarleiða á virkjun eítílfrumna og viðhald ónæmisminnis í nýburamúsum.**

Tilgangur rannsóknarinnar er að auka skilning á hvernig hægt er að yfirstíga takmörkun í virkjun eítílfrumna hjá ungviði, með notkun öruggra og öflugra ónæmisglæða, kanna hvaða frumur, sameindir og ferlar skipta þar mestu máli. Slíkar rannsóknir er ekki hægt að framkvæma á börnum og því verða notaðar nýburamýs sem tilraunadýr.

Fyrir fundinn lá mat Hildar Örne Gunnarsdóttur sérgreinadýralæknis á umsókninni.

4 af 5 fagráðsmeðlimum veita jákvæða umsögn með þeim fyrirvara að ekki verði notaður retro orbital sinus við blóðsýnatöku. Fulltrúi DÍs situr hjá vegna vafa um hvort tilgreindur fjöldi rannsóknardýra sé nauðsynlegur.

b. Blóðsýnataka úr villtum fuglum á Íslandi til að fylgjast með heilbrigði og sníkjudýrum

Verkefnið snýst um að fylgjast með heilbrigði og sníkjudýrum í villtum fuglum á Íslandi. Rannsókn á haematológíu og lífefnafræðilegum mælingum og skima eftir blóðsníkjudýrum (Haemosporida) í villtum fuglum.

Fyrir fundinn lá mat Hildar Örne Gunnarsdóttur sérgreinadýralæknis á umsókninni sem fékk jákvæða umsögn fagráðs með fyrirvara á að

a) veittar séu upplýsingar um nálastærðir við blóðtöku miðað við stærð fuglategundar og því verði breytt í verklýsingu og

b) að það komi fram í verkferlum og framkvæmd við aflífun að allir fuglar skuli ávalt sviptir meðvitund áður en þeir eru aflífaðir með því að snúa úr hálslið, óháð stærð fuglsins.

Niðurstaða: jákvæð umsögn með skilyrði að ekki sé heimilt að snúa neinn fugl úr hálslið án þess að svipta hann meðvitund fyrst. Starfsmaður MAST óskar eftir upplýsingum frá umsækjanda um nálastærð fyrir stærðir fuglanna.

c. Collection of whole blood from equines (pregnant mares)

Málinu frestað um 2 vikur vegna nýrra gagna frá ESA.

d. Euro-group bréf sent til fagraðs

Afgreiðslu frestað – tekið fyrir á fundi eftir 2 vikur.

3. Drög að dagskrá næsta reglulega fundar þann 27. febrúar 2026 10:00-12:00.

- a. Umsóknir um leyfi til dýratilrauna
- b. Bókun fagraðs um afföll í fiskeldi frá 15.5. 2024 – að beiðni Henry Alexanders
- c. Yfirferð á vinnureglum Fagraðs um velferð dýra

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.15.05.

Fundargerð send til yfirlestrar.